

## Skýrsla um sjálfsmat í Djúpavogsskóla veturinn 2014-2015

### Inngangsorð

Þessi skýrsla fjallar um sjálfsmat í Djúpavogsskóla sem skiptist í grunn-, leik- og tónskóla. Grunnskólinn er einsetinn heildstæður skóli með 65 nemendur úr dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Í leikskólanum voru í vetur 42 nemendur þegar mest var. Í Djúpavogsskóla er lögð mikil áhersla á samkenndu, samvinnu og þverfaglega vinnu nemenda og kennara. Mikil áhersla er lögð á að nýta hið stórkostlega umhverfi sem skólinn er staðsettur í, bæði við leik og störf.

Mikil samvinna er milli skólans, Umf. Neista, og Djúpavogshrepps. Nemendur mæta í grunnskólann kl. 8:05 að morgni og hafa lokið íþrótt- og tónlistarnámi að stærstum hluta kl. 15:40. Nemendum úr dreifbýli er ekið í skólann að morgni og þeir síðan sóttir kl. 15:00. Þá er sveitarfélagið í samstarfi við Hótel Framtíð og býður upp á niðurgreiðslu á heitum máltíðum í hádeginu á sanngjörnu verði.

Nemendur leikskólans mæta 8:00 eða 9:00 og lýkur vistun á bilinu 12:00 – 16:00 eftir vistunartíma sem foreldrar ákveða.

Í tónskólanum er nemendur ýmist í heilu eða hálfu námi. Forskóli er í boði fyrir elstu nemendur leikskólans. Nemendur grunnskólans geta verið í veltitímum fyrir hádegi en eru einnig í hóp- og einstaklingstímum eftir hádegi

Djúpavogsskóli er einstakur skóli. Samheldni starfsfólks, nemenda og forráðamanna er mjög mikil og er það sameiginlegt markmið að hér líði öllum vel og að allir fái menntun við hæfi. Þarfir einstaklingsins eru hafðar í fyrirrúmi, en að sama skapi er lögð mikil áhersla á samvinnu og samkennd. Maður er manns gaman og það á svo sannarlega við hér hjá okkur.

Í skólanum fer fram fjölbreytt starf og við erum í sífellu að auka gæði náms og kennslu og erum við alltaf að bæta við nýjum kennsluháttum. Síðustu skólaár höfum við lagt sérstaka áherslu á umhverfis- og grenndarnám. Stefnt er að því að tengja starf skólans sem mest við umhverfi hans og fyrri reynslu nemenda, svo þeir hafi forsendur til að meta uppruna sinn og umhverfi að verðleikum. Auk þess á allt starf skólans að miða að því að nýta kosti, sérstöðu og séreinkenni byggðarlagsins sem mest. Þá skal stefnt að því að nemendur og starfsfólk skólans verði sér meðvitað um samspil manns og náttúru og temji sér að umgangast allt umhverfi sitt af virðingu og alúð. Því er lögð áhersla á öflugna umhverfisfræðslu sem einkennist af umfjöllun um Djúpavogshrepp, vistfræði sveitarfélagsins og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa grein fyrir mikilvægi verndunar lífræns og lífvana umhverfis og stuðli að því með hegðun sinni að viðhalda þeim möguleikum sem ómenguð og óspillt náttúra býr okkur.

Starfsfólk og nemendur skulu einnig verða meðvitaðir um sögu og menningu sveitarfélagsins síns, atvinnuhætti og sitt nánasta umhverfi. Djúpavogsskóli er Grænánaskóli.

Nemendur og starfsfólk læri að koma fram hverjir við aðra af virðingu, umburðarlyndi og víðsýni, læri að meta séreinkenni hverrar manneskju og hjálpist að við að styrkja hvert annað.

Skýrsla sú sem hér birtist var unnin í október-desember 2015. Í henni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór skólaárið 2014-2015.

Eins og fyrri skýrslur má finna þessa á heimasíðu grunn- og leikskólans, auk þess sem hún verður send til *fræðslunefndar Djúpavogshrepps* og *sveitarstjórnar Djúpavogshrepps* til kynningar.

Heimasíða skólans er: <http://www.djupivogur.is/grunnskoli> og heimasíða leikskólans er: <http://www.djupivogur.is/grunnskoli>

## **Grunnskólinn**

### **1. Innleiðing nýrrar skólanámskrár**

Markmið hópsins var að kynna sér nýja aðalnámskrá og vera öðrum starfsmönnum til halds og trausts varðandi innleiðingu hennar. Tveir meðlimir hópsins sóttu námskeið á vegum Skólaskrifstofu Austurlands í ágúst og unnu að því að skoða þessi mál. Hópurinn hittist reglulega og fór yfir grunnþættina sex, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Hópurinn hélt nokkra vinnufundi yfir veturinn og voru þeir mjög árangursríkir. Vinna við skólanámskrá Djúpavogsskóla var komin nokkuð langt á veg í vor og verður henni haldið áfram á næsta skólaári.

### **2. Byrjendalæsi**

Grunnskólinn tók þátt í sameiginlegri vegferð annarra skóla á Austurlandi í að innleiða Byrjendalæsi fyrir yngri bekki grunnskólans. Þrír starfsmenn sóttu námskeið og ráðstefnur á vegum verkefnisins og 2- 4 kennarar í viðbót hafa kynnt sér verkefnið að einhverju leyti og nýtt sér í kennslu og skipulagningu.

Byrjendalæsi er mjög umfangsmikið og krefjandi verkefni og tekur innleiðing þess langan tíma. Gert er ráð fyrir því að innleiðingu verði að fullu lokið á fimm árum, þó langmest vinnan fari fram fyrstu tvö árin.

Starfsmenn og stjórnendur eru mjög ánægðir hvernig tekist hefur til og er Byrjendalæsið góð viðbót við aðrar kennsluáðferðir sem gefið hafa góðan árangur við skólann.

### **3. Úrbótalisti frá 2014**

Áfram var unnið að því að grynka á úrbótalista skólans og náðist að klára nokkur atriði. Nýjan úrbótalista fá finna í *fskj. 2*

### **4. Innleiðing á nýju vinnumati grunnskólakennara**

Þessi vinna fór fram í vor. Ljóst er að kennarar eru að fara inn í algerlega nýtt vinnuumhverfi og til þess að léttja okkur vinnuna við haustið eyddum við góðum tíma á starfsdögunum i vor til að setja niður grunnþættina til að auðveldara yrði að staðsetja okkur skólaárið 2015 – 2016. Allir kennarar komu að þeirri vinnu og útbjuggum við

vinnuskjal sem kennarar höfðu til hliðsjónar þegar kom að því að meta sig inn í A-hluta vinnumatsins. Þetta vinnuskjal má sjá í *fskj 6*

## 5. Skólapúlsinn

Skólinn tók þátt, í fyrsta sinn, í Skólapúlsinn, sem er staðlaður spurningalisti sem sendur er nemendum foreldrum og starfsfólki. Nemendur grunnskólans (6.-10. bekkur) svara tvisvar sinnum ár hver (í október og mars) en starfsmenn og foreldrar fá einn spurningalista, annað hvert ár.

Tekið skal fram að svör í „opnum“ spurningum þá eru svörin tekin saman og einfölduð auk þess sem særandi eða meiðandi tilsvör eru umorðuð.

Hér fyrir neðan sést yfirlit yfir þættina sem mældir eru í nemendakönnun Skólapúlsins. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Tölurnar er **litamerktar grænar (1,0- 1,4 stig)** og **rauðar (+1,5 stig)** ef niðurstaðan er skólanum í óhag en ef skólinn er að koma betur út en meðaltalið þá eru þær tölur litamerktar **fjólubláar**.

. \* Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með bláum stöfum +/- X,X. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.



**A: SPURNINGALISTI NEMENDA****1. Virkni nemenda í skólanum**

| <b>Matspættir</b>                  | Niðurstaða | N  | Viðmið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|----|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri              | 4,7        | 47 | 5,0    | 16.992 | -0,3     |
| 1.2. Þrautseigja í námi            | 5,4        | 47 | 5,6    | 16.996 | -0,2     |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði            | 5,0        | 47 | 5,5    | 16.985 | -0,5     |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði        | 5,0        | 47 | 4,9    | 16.981 | 0,1      |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,6        | 47 | 4,9    | 16.993 | -0,3     |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu          | 4,3        | 47 | 4,7    | 17.001 | -0,4     |

**2. Líðan og heilsa**

| <b>Matspættir ↓</b>      | <b>Niðurstaða</b> | <b>N</b> | <b>Viðmið</b> | <b>N</b>    | <b>Mismunur</b> |
|--------------------------|-------------------|----------|---------------|-------------|-----------------|
| 2.1. Sjálfsálit          | 4,4               | 47       | 5,0           | 16.980      | -0,6            |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi | 4,7               | 47       | 5,0           | 16.943      | -0,3            |
| 2.3. Vellíðan            | 4,4               | 47       | 4,6           | 16.946      | -0,2            |
| 2.4. Einelti             | 6,1               | 46       | 5,3           | 16.947      | 0,8             |
| 2.5. Tíðni eineltis      | 19,1%             | 9/47     | 10,3%         | 1742/16895  | 8,8%            |
| 2.6. Staðir eineltis     | -                 | 9        | -             | -           | -               |
| 2.7. Hreyfing            | 63,0%             | 29/46    | 70,5%         | 11746/16655 | -7,5%           |
| 2.8. Mataræði            | 4,7               | 47       | 5,0           | 16.942      | -0,3            |

Liður 2.5 Einelti mældist í 6. og 7. bekk og við samanburð milli október og apríl kemur í ljós að það hefur minnkað aðeins.

## Liður 2.6 Staðir eineltis:

| Hvar                        | Djúpavogsskóli | Landið |
|-----------------------------|----------------|--------|
| Í íþróttatímum              | 0%             | 1,00%  |
| Í búningsklefum             | 4%             | 0,90%  |
| Í hádegisstund              | 4%             | 1,70%  |
| Á leiðinni til og frá skóla | 2%             | 1,00%  |
| Í frímínútum innandyra      | 0%             | 2,60%  |
| Í kennslustundum            | 0%             | 2,20%  |
| Á netinu eða GSM            | 0%             | 1,30%  |
| Annars staðar - HVAR?       | 8%             | 2,40%  |
| eftir skóla                 |                |        |
| einhvers staðar úti         |                |        |
| heima                       |                |        |
| misjafnt                    |                |        |

Búið er að grípa til eftirfarandi ráðstafana í skólanum:

Bætt hefur verið við gæslu í hádegishléi og markviss vinna fór af stað í samstarfi við ÍPMD og Neista varðandi gæslu í búningsklefum.

Það er greinilegt að einelti þrífst ekki þegar fullorðnir eru nálægt því það sem út af stendur eru þá þættir eins og „til og frá skóla“ og „eftir skóla / heima“. Mikilvægt er að bregðast við því á komandi skólaári.

Liður 2.7 Hreyfing. Með þessum spurningum er verið að kanna hversu oft nemendur hreyfa sig utan hefðbundinnar íþróttakennslu og þá kemur þetta í ljós:

| Hreyfing | Djúpavogsskóli | Landið |
|----------|----------------|--------|
| Stúlkur  | 50%            | 67,70% |
| Drengir  | 83%            | 73,40% |

Drengirnir okkar eru 10 prósentustigum yfir landsmeðaltali en stúlkurnar eru 17,7 prósentustigum undir. Skólastjóri sendi póst á foreldra stúlkan í 6.-10. bekk og hvatti þá til að stuðla að aukinni hreyfingu stúlkna utan skólatíma. Verður spennandi að sjá hvort framfarir hafi átt sér stað þegar þessi þáttur verður kannaður aftur á næsta skólaári.

**3. Skóla- og bekkjarandi**

| <b>Matsþættir</b>                  | <b>Niðurstaða</b> | <b>N</b> | <b>Viðmið</b> | <b>N</b> | <b>Mismunur</b> |
|------------------------------------|-------------------|----------|---------------|----------|-----------------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn    | 4,7               | 47       | 4,9           | 16.908   | -0,2            |
| 3.2. Samband nemenda við kennara   | 6,2               | 47       | 5,5           | 16.935   | 0,7             |
| 3.3. Agi í tímum                   | 5,0               | 47       | 5,1           | 16.924   | -0,1            |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 6,3               | 47       | 5,4           | 16.896   | 0,9             |
| 3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu | 5,0               | 47       | 5,0           | 16.906   | 0,0             |

**Opnar spurningar til nemenda. Alls tóku 47 nemendur þátt, eða 98%.**

*Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann – 45 nemendur svöruðu þessari spurningu:*

**Nemendur**

- 4 Allir eru góðir hver við annan
- 2 Eiginlega allt gott
- 1 Allt er bara fínt
- 1 Allir krakkarnir eru alltaf saman
- 1 Gaman að hitta krakkana og spjalla
- 1 Allir þekkja alla
- 3 Mér líður vel í skólanum
- 1 Fáir krakkar
- 4 Enginn er lagður í einelti
- 1 Allir mega vera með
- 1 Allir eru vinir
- 2 Leik við vini mína
- 1 Krakkarnir hjálpa hverjir öðrum með námið

**Samtals 23**

**Starfsmenn**

- 4 Allir kennararnir eru mjög blíðir / góðir
- 2 Kennararnir eru skemmtilegir
- 2 Kennarinn þekkir nem sína / ég á góðan kennara
- 2 Góðir kennarar
- 1 Þarf ekki að bíða lengi eftir aðstoð
- 2 Gaman í íþróttum / góðar íþróttir
- 2 Kennararnir hlusta á mig / okkur
- 1 Get sagt umsjónarkennaranum allt
- 1 Get sagt skólastjóranum allt
- 1 Ég fæ alltaf hjálp
- 2 Ef maður leggur fram tillögur um breytingar er oftast tekið mark á því
- 2 Kennararnir kenna okkur mikið /allt sem við þurfum að vita
- 1 Kennararnir hjálpa okkur alltaf

**Samtals 23****Námið**

- 1 Gott námsefni
- 2 Við lærum mikið
- 1 Sanngjarnt námsefni
- 1 Sumir tímar eru skemmtilegir og áhugaverðir
- 1 Mér finnst gaman að koma heim úr sk. þegar ég er búin að læra eitthvað nýtt

**Samtals 6****Skólinn**

- 2 Hann er ekkert sérlega stór
- 2 Það er gaman / skemmtilegt í skólanum mínum
- 1 Mjög góður skóli
- 1 Skólinn minn hjálpar mér við allt
- 1 Góðar frímínútur

**Samtals 7****Annað**

- 1 Félagslífið er frábært
- 1 Mér finnst ágætt í skólanum en hefur liðið illa sl. þrjú ár
- 1 Það er ekkert gott við skólann minn

**Samtals 3**

**Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst slæmt eða megi betur fara í skólanum – 43 nemendur svöruðu þessari spurningu:**

### **Nemendur**

- 1 Ég er einmana og sorgmæddur og útundan oftast
- 1 Það eru fordómar gagnvart yngri krökkum og maður þarf að vera einn af frægu krökkunum til að manni verði ekki strítt
- 1 Það eru sumir krakkar vondir við mig og ég er stundum höfð útundan
- 1 Þegar það er verið að stríða hvort öðrum og leggja í einelti **Samtals 4**

### **Starfsmenn**

- 1 Stundum eru kennararnir ósanngjarnir við mann
- 1 Sumir kennararnir eru ekki búinir að fara í kennaraskóla
- 1 Mér finnst eins og einum kennara sé sama ef það gerist e-ð fyrir e-n í tíma
- 1 Stundum er ég að segja kennara eitthvað og hann þykist skilja en gerir ekkert
- 1 Óþægilegt að hafa sturtuvörðinn inni í klefa **Samtals 5**

### **Námið**

- 1 Flest allir tímarnir eru leiðinlegir
- 1 Mættu vera fleiri íþróttatímar á viku
- 1 Mættum læra meira um skipulag í kringum nám
- 1 Elstu mættu fara aftur í heimilisfræði
- 1 Bæta Námshesta og gera þá fjölbreyttari
- 1 Efsta stig hefur ekkert val
- 1 Það eru of margir íþróttatímar **Samtals 7**

### **Skólinn**

- 4 Síminn er tekinn af okkur
- 2 Hann er svolítið gamall og það mætti eyða nokkrum milljónum í hann
- 1 Mér finnst leiðinlegt í frímínútum
- 1 Of stuttar frímínútur
- 1 Strangar reglur og punktakerfi
- 1 Við erum rekin út í frímínútur og vantar eitthvað annað en fótbolta
- 1 Margt sem er langt á eftir t.d. Nettenging **Samtals 11**



**Mötuneyti / skólabíll**

- 1 Maturinn
- 1 Mötuneytið mætti bæta þrátt fyrir mikla bætingu á síðustu árum
- 1 Ekki nógu fjölbreyttur matur í mötuneytinu
- 1 Skólabíllinn

**Samtals 4****Annað**

- 5 Ekkert
- 1 Mér finnst ég ekki þurfa að segja neitt slæmt um skólann minn því hann er frábær skóli og allt námsefnið mjög skemmtilegt

**Samtals 6****2. SPURNINGALISTI FORELDRA****1. Nám og kennsla**

| Matsþættir   | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum                   | 4,7        | 35    | 5,2    | 6.516     | -0,5     |
| 1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra        | 5,2        | 35    | 5,1    | 6.435     | 0,1      |
| 1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans                            | 88,6%      | 31/35 | 91,1%  | 5769/6333 | -2,5%    |
| 1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra             | 91,4%      | 32/35 | 84,6%  | 5425/6411 | 6,8%     |
| 1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra                       | 82,4%      | 28/34 | 77,9%  | 4983/6395 | 4,5%     |
| 1.6. Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra    | 77,1%      | 27/35 | 77,2%  | 4909/6362 | -0,1%    |
| 1.7. Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra | 79,4%      | 27/34 | 77,3%  | 4788/6195 | 2,1%     |

Liður 1.3 Stjórnun skólans. Þegar frávik í þessum lið eru skoðuð kemur í ljós að það eru foreldrar barna í 5.-7. sem eru óánægðastir með stjórnun skólans. Foreldrar annarra bekkjar eru nánast á pari við landsmeðaltal, 1.-4. aðeins yfir og 8.-10. rétt undir. Skólastjóri sendir út rafrænan spurningalista til foreldra um að fá nánari útskýringar á því hvað það er helst sem foreldrar eru óánægðir með *fskj. 4*

## 2. Velferð nemenda

| Matsþættir   | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur        | 4,9        | 35    | 4,8    | 6.392     | 0,1      |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda      | 82,9%      | 29/35 | 89,8%  | 5672/6317 | -6,9%    |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt             | 91,4%      | 32/35 | 92,7%  | 6022/6494 | -1,3%    |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt       | 94,3%      | 33/35 | 92,8%  | 6002/6466 | 1,5%     |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt           | 91,4%      | 32/35 | 89,3%  | 5777/6470 | 2,1%     |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra                   | 17,1%      | 6/35  | 17,2%  | 1106/6425 | -0,1%    |
| 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum         | 63,6%      | 7/11  | 61,8%  | 970/1570  | 1,8%     |
| 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | 54,5%      | 6/11  | 59,2%  | 897/1516  | -4,7%    |
| 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans                    | 81,5%      | 22/27 | 78,9%  | 3485/4416 | 2,6%     |
| 2.10. Meðaltímabil eineltis  | 1,4        | 12    | 1,4    | 1.611     | 0,0      |
| 2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað                  | -          | 12    | -      | -         | -        |

Liður 2.2 Það eru foreldrar stúlkna sem gera það að verkum að þessi liður er svona hár. Foreldrar drengja eru á pari við landsmeðaltal en foreldrar stúlkna eru 12,8 prósentustigum óánægðari en landsmeðaltalið.

Sé munur á árgöngum skoðaður þá eru foreldrar í 1.-4. bekk 12,6 prósentustigum óánægðari en landsmeðaltalið, foreldrar í 5.-7. bekk eru 2,1 prósentustigi yfir landsmeðaltali og foreldrar barna í 8.-10. bekk eru 8,9 prósentustigum undir landsmeðaltali.

Skólastjóri sendir út rafrænan spurningalista til foreldra um að fá nánari útskýringar á því hvað það er helst sem foreldrar eru óánægðir með *fskj 4*.

Liður 2.8 Þegar eineltismál koma upp er unnið eftir eineltisáætlun skólans og munum við framvegis reyna að hraða málum eins og kostur er til að tryggja að lausn fái á málum sem fyrst.

### 3. Aðstaða og þjónusta

| Matsþættir   | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum                    | 5,2        | 35    | 5,1    | 6.385     | 0,1      |
| 3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili    | 5,0        | 21    | 4,9    | 2.248     | 0,1      |
| 3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili     | 58,8%      | 20/34 | 35,7%  | 2294/6427 | 23,1%    |
| 3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu | -          | 13    | -      | -         | -        |
| 3.5. Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum        | 83,3%      | 10/12 | 90,1%  | 1545/1715 | -6,8%    |
| 3.6. Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum       | 34,3%      | 12/35 | 27,6%  | 1771/6418 | 6,7%     |
| 3.7. Tíðni sérkennslu/stuðnings                                | 66,7%      | 8/12  | 74,8%  | 1275/1705 | -8,1%    |
| 3.8. Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun | 33,3%      | 4/12  | 30,1%  | 521/1732  | 3,2%     |

| Matsþættir   | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 3.9. Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun                   | -          | -     | -      | -         | -        |
| 3.10. Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu                                 | -          | -     | -      | -         | -        |
| 3.11. Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu | 14,3%      | 5/35  | 12,9%  | 829/6405  | 1,4%     |
| 3.12. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti                             | 76,7%      | 23/30 | 74,1%  | 4076/5504 | 2,6%     |
| 3.13. Notkun á mötuneyti   | 85,7%      | 30/35 | 86,3%  | 5575/6460 | -0,6%    |
| 3.14. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti                         | 0%         | 0/4   | 10,2%  | 88/861    | -10,2%   |

Liður 3.5 Foreldrar drengja eru 23,6 prósentustigum óánægðari en landsmeðaltal á meðan foreldrar stúlkna eru 100% ánægðir eða 10,3 prósentustigum yfir landsmeðaltali Skólastjóri sendir út rafrænan spurningalista til foreldra um að fá nánari útskýringar á því hvað það er helst sem foreldrar eru óánægðir með.

Liður 3.14 Skólastjóri sendir út rafrænan spurningalista til foreldra um að fá nánari útskýringar á því hvað það er helst sem foreldrar eru óánægðir með *fskj. 4*.



**4. Foreldrasamstarf**

| Matsþættir   | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|--|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi                            | 5,1        | 33    | 5,0    | 6.432     | 0,1      |
| 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur                     | 62,9%      | 22/35 | 55,6%  | 3461/6230 | 7,3%     |
| 4.3. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á                 | -          | 27    | -      | -         | -        |
| 4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á     | -          | 28    | -      | -         | -        |
| 4.5. Ánægja með síðasta foreldraviðtal                                 | 97,1%      | 34/35 | 94,4%  | 6018/6374 | 2,7%     |
| 4.6. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali                   | -          | 35    | -      | -         | -        |
| 4.7. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum              | 46,9%      | 15/32 | 54,2%  | 3397/6272 | -7,3%    |
| 4.8. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra | 91,2%      | 31/34 | 84,8%  | 5155/6078 | 6,4%     |
| 4.9. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans                             | 77,1%      | 27/35 | 81,8%  | 5257/6428 | -4,7%    |
| 4.10. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá                 | 62,9%      | 22/35 | 73,7%  | 4786/6491 | -10,8%   |

Liður 4.7 Foreldrar drengja er mun líklegri en foreldrar stúlkna til að setjast niður og gera námsáætlanir. Foreldrar drengja eru 1 prósentustigi yfir landsmeðaltali, á meðan foreldrar stúlkna eru 15,6 prósentustigum undir. Séu árgangarnir skoðaðir kemur í ljós að foreldra barna í 1.-4. bekk eru 7,3 prósentustigum undir meðaltali, foreldrar barna í 5.-7. bekk eru 3,9 prósentustigum undir meðaltali og foreldrar barna í 8.-10. bekk 2,4 prósentustigum undir meðaltali.

Skólastjóri sendir út tölvupóst til foreldra og hvetur þá til að sinna þessum þætti betur, *fskj. 5.*

Liður 4.9 Foreldrar eru ekki eins ánægðir með heimasíðu skólans og landsmeðaltalið. Vinna hefur staðið yfir í nokkur ár við að búa til nýja heimasíðu fyrir Djúpavogshrepp. Beðið er eftir henni. Skólastjóri sendir út rafrænan spurningalista til foreldra um að fá nánari útskýringar á því hvað það er helst sem foreldrar eru óánægðir með *fskj. 9*.

Liður 4.10 Foreldrar barna í 1.-4. bekk eru 3,2 prósentustigum undir landsmeðaltali, foreldrar barna í 5.-7. bekk eru 26,2% undir landsmeðaltali og foreldrar barna í 8.-10. bekk eru 4,6 prósentustigum undir landsmeðaltali. Hér þurfa starfsmenn að taka sig á.

## 5. Heimastuðningur

| Matsþættir  | Niðurstaða | N     | Viðmið | N         | Mismunur |
|---|------------|-------|--------|-----------|----------|
| 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna                           | 5,4        | 35    | 4,9    | 6.425     | 0,5      |
| 5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið | 4,5        | 34    | 4,7    | 6.403     | -0,2     |
| 5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu  | 5,2        | 34    | 4,4    | 6.327     | 0,8      |
| 5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra                          | 85,7%      | 30/35 | 72,8%  | 4616/6339 | 12,9%    |
| 5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám                      | 69,7%      | 23/33 | 52,4%  | 3314/6328 | 17,3%    |
| 5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns               | 79,4%      | 27/34 | 77,8%  | 4666/6000 | 1,6%     |

**Opnar spurningar til foreldra. Alls tóku 35 foreldrar/heimili þátt, eða 86%.**

***Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann – 20 foreldrar svöruðu þessari spurningu:***

### **Nemendur**

- 1 Sjálfstraust nemenda er áberandi gott í eldri bekkjum
- 1 Ágætur mórall milli barnanna

**Samtals 2**

### **Starfsmenn**

3 Skólastjórinn fær hrós. Hún bregst vel og hratt við því sem þarf að gera. Það er svo gott að vita til þess að starfsfólkið og skólastjórann gefa foreldrum alltaf tíma

- 1 Gott fyrir foreldra að nálgast skólann.
- 3 Samskipti milli umsjónarkennara og foreldra er gott
- 1 Góðar upplýsingar frá skólastjóra í gegnum tölvupósta
- 2 Hvað mitt barn er oftast ánægt með flest allt starf og starfsfólk í skólanum
- 1 Kennara, stjórnendur
- 1 Mannleg samskipti
- 1 Hvatning frá kennurum til náms
- 3 Starfsfólk hjálplegt og yndislegt
- 1 Sumir eru duglegir að hrósa
- 1 Þau er hvött áfram í því sem þau eru góð í
- 2 Áhugasamir / hæfir kennarar
- 1 Starfsfólkinu þykir vænt um börnin

**Samtals 21**

### **Námið**

- 1 Hve gott starf er unnið í flestum greinum
- 3 Unnið hratt og vel með með börn sem eru með einhvers konar örðugleika
- 1 Námsefni

**Samtals 5**

### **Skólinn**

- 3 Barninu líður vel í skólanum
- 3 Kostur hvað börnin eru fá
- 2 Mikil samheldni (þegar áföll dynja yfir)
- 1 Gestavikan frábær
- 1 Árshátíðin frábær
- 1 Gott hvað börnin eru búin snemma í skólanum, tónlist og íþróttum
- 1 Gott hvað sumarfríð er langt
- 4 Persónulegur, vinalegur og öruggur
- 2 Nálægt við hvert barn
- 1 Tekið á vandamálum strax
- 1 Skipulag

### **Annað**

- 1 Flest allt
- 1 Gaman að sparínestinu

**Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst slæmt eða megi betur fara í skólanum – 17 foreldrar svöruðu þessari spurningu:**

### **Nemendur**

- 1 Börn séu ekki með farsíma í skólanum
- 1 Barn í 4. bekk á ekki að vera með síma í skólanum
- 1 Of mikil stríðni í bekk barnsins míns
- 1 Barnið mitt þorir ekki að segja frá (er í aðlögunarkerfi vegna punktakerfis)
- 1 Það þarf að hlusta betur á börnin þegar þau segja frá – þau eru ekki alltaf að kлага

### **Samtals 5**

### **Starfsmenn**

- 1 Heyri að það sé of mikið verið að skamma nemendur, of sjaldan hrósað
- 1 Mætti taka harðar á lúsafaraldinum
- 1 Ef foreldrar geta ekki aðstoðað við heimanám þá eigi kennarar að vera til aðstoðar
- 1 Bæta upplýsingaflæði, sérstaklega frá tónskólanum
- 1 Gera kennurum grein fyrir því að þeir eigi ekki að taka sér frí á vinnutíma barnanna
- 1 Upplýsa foreldrar um hvað má og hvað má ekki
- 1 Gera börnum grein fyrir því að þau mega hafa skoðanir á því hvað er ljótt og hvað er fallegt
- 1 Hætta að vefja börn í bómull
- 1 Mismunandi hvernig skilaboðum er komið á framfæri til foreldra
- 1 Má taka betur á agavandamálum
- 1 Hlusta betur á börn og foreldra þegar börnum líður illa
- 1 Ekki gera uppá milli barna í bekk
- 1 Vantar skýrari umsagnir frá öllum kennurum inn í námsárangursmöppurnar
- 1 Vantar betra skipulag hjá kennurum
- 1 Má setja meira inn á Mentor
- 1 Ekki hafa kvörtunarkassa, veldur kvíða hjá mínu barni
- 1 Það vantar meiri metnað til að ráða til sín menntaða kennara og gera skólann að metnaðarfullri stofnun en hann er í dag.

### **Samtals 17**

### **Námið**

- 1 Þarf að útskýra hvað X þýðir á einkunnablöðunum
- 1 Stærðfræðikennslan. Þarf að kenna öllum grunninn betur ekki láta þau vera á sitthvorum staðnum
- 1 Gaman að vita hvað lög börnin eru að læra í samsöng
- 2 Vantar meira heimanám
- 1 Nemendur taki könnun í lok hverrar viku og fái jafnframt einkunn fyrir frammistöðu, verkefni o.fl.
- 1 Hæstu nemendur fái viðurkenningu í lok hvers skólaárs, í hverjum bekk – hvatning fyrir aðra nemendur
- 1 Stærðfræði, enska og náttúruvísindi eiga að fá hærra vægi en aðrar námsgreinar
- 1 Að fylgst sé með lestri og skrift – ekki nóg að foreldrar geri það heima
- 1 Sjálft skólastarfið mætti vera meira skapandi
- 1 Vantar listgreinakennslu fyrir eldri nemendur
- 1 Minnka vinnu nemenda við „skrifborð“



1 Meiri tenging við atvinnulífið, starfskynning, fá fólk úr atvinnulífinu til að vera með kynningar

1 Bæta kennslu í tónfræði og tónheyrn svo börn sem eru að stefna að grunnprófi eða miðstigi ljúki námi eins og lög gera ráð fyrir **Samtals 14**

### **Skólinn**

1 Vantar gæslu í frímínútum

1 Mættu vera lengri frímínútur eða nemendur fari út á mismunandi tíma

1 Nestistímar eiga að vera eftir frímínútur

2 Þarf betri samskipti milli Neista og viðveru

1 Vantar útikennslustofu

1 Ekki hafa bingó og leiki í Gestavíku

1 Mætti fá fleiri leiktæki eða körfu á skólalóðinni

1 Vantar fleiri reykskynjara

1 Stækka og laga húsnæði – smíðastofu, heimilisfræði, tónskóla

1 Vantar svæði þar sem allir nemendur geta verið saman

1 Aðskilja leikskólann frá, hafa grunn- og tónskólann saman

1 Skólinn er stefnulaus **Samtals 13**

### **Annað**

1 Merkja gangbrautirnar aftur við skólann

1 Bæta aðgengi fatlaðra (merkja sér stæði)

1 Hækka laun kennara

1 Það vantar oft fitu (smjör brætt smjör eða olíur) til að setja út á mat og kartöflur þannig að það sé lystugt. **Samtals 4**

**3. SPURNINGALISTI STARFSFÓLKS****1. Almennar rekstrarupplýsingar**

| Matsþættir  | Niðurstaða | N | Viðmið | N  | Mismunur |
|---|------------|---|--------|----|----------|
| 1.1. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu     | 6,1        | 1 | 10,4   | 61 | -4,3     |
| 1.2. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf        | 20,3       | 1 | 22,2   | 60 | -1,9     |
| 1.3. Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu | 23,1%      | 1 | 32,0%  | 61 | -8,9%    |
| 1.4. Kynjahlutfall: Hlutfall karlmannna sem sinnir kennslu                | 16,7%      | 1 | 18,1%  | 62 | -1,4%    |
| 1.5. Hlutfall kennara án háskólamenntunar                                 | 25,0%      | 1 | 3,1%   | 52 | 21,9%    |
| 1.6. Skipulagt samstarf   | -          | - | -      | -  | -        |
| 1.7. Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu                                   | 31,1%      | 1 | 17,5%  | 55 | 13,6%    |
| 1.8. Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu              | 1,6%       | 1 | 6,0%   | 48 | -4,4%    |
| 1.9. Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál         | 21,3%      | 1 | 6,3%   | 59 | 15,0%    |
| 1.10. Símenntunarskylda – fjöldi daga                                     | 5,0        | 1 | 6,9    | 54 | -1,9     |
| 1.11. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi                   | 8,0        | 1 | 17,5   | 55 | -9,5     |
| 1.12. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi                       | 6,0        | 1 | 18,3   | 55 | -12,3    |
| 1.13. Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglingsstigi                  | 4,0        | 1 | 18,6   | 50 | -14,6    |

| Matsþættir                                     | Niðurstaða | N | Viðmið | N  | Mismunur |
|--|------------|---|--------|----|----------|
| 1.14. Fjöldi nemenda á hverja tölvu            | 1,6        | 1 | 6,0    | 59 | -4,4     |
| 1.15. Hlutfall far- og spjaldtölva             | 73,0%      | 1 | 53,0%  | 56 | 20,0%    |
| 1.16. Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu  | 0          | 1 | 25,0   | 56 | -25,0    |
| 1.17. Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa         | 61,0       | 1 | 17,9   | 60 | 43,1     |
| 1.18. Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu | 0,7        | 1 | 0,9    | 57 | -0,2     |

Liðir 1.1, 1.2 og 1.3 Það hvernig mælingar eru í þessum liðum hlutast fyrst og fremst til af því hversu fámennir árgangarnir eru. Þeir fara þó stækkandi þannig að vonandi lagast þessi tölfræði.

Liður 1.5 Nokkrir kennarar eru í námi og vonandi náum við að laga þetta hlutfall

Liður 1.7 Vakin er sérstök athygli á því hversu góða þjónustu nemendur eru að fá og höfum við markvisst sinnt snemmtækri íhlutun varðandi allan þann vanda sem upp kemur hjá börnunum, hvort sem um er að ræða vanda af námslegum, félagslegum eða hegðunarlegum toga.

Liður 1.9 Mikil fjölgun hefur orðið á nemendum sem hafa íslensku sem annað mál

Liður 1.10 Nú er búið að gera markvissa símenntunaráætlun auk þess sem búið er að fjölga símenntunardögum á skóladagatali

Liður 1.15 Með tilkomu spjaldtölva í skólann sést að skólinn er nú mjög vel tækjum búinn hvað þennan þátt varðar

Liður 1.16 Engin gagnvirk tafla er í skólanum

Liður 1.17 Kaupa þarf 2 nýja skjávarpa á næsta fjárhagsári



**2. Allir starfsmenn - Almennt**

| Matsþættir  | Niðurstaða | N    | Viðmið     | N         | Mismunur    |
|---|------------|------|------------|-----------|-------------|
| 2.1. Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra             | 60,0%      | 9/15 | 68,8%      | 1801/2618 | -8,8%       |
| 2.2. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð            | 1,9 dagar  | 15   | 2,0 dagar  | 2.596     | -0,1 dagar  |
| 2.3. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (annað)    | -          | 2    | -          | -         | -           |
| 2.4. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð         | 0,6 skipti | 15   | 1,0 skipti | 2.570     | -0,4 skipti |
| 2.5. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (annað) | -          | 0    | -          | -         | -           |
| 2.6. Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð           | 0,3 skipti | 15   | 0,3 skipti | 2.594     | 0,0 skipti  |
| 2.7. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár                  | 33,3%      | 5/15 | 66,4%      | 1726/2598 | -33,1%      |
| 2.8. Gagnsemi starfsmannaviðtals                      | 100,0%     | 4    | 85,9%      | 1331/1549 | 14,1%       |
| 2.9. Tíðni áreitni meðal starfsfólks                  | 13,3%      | 2/15 | 16,8%      | 439/2611  | -3,5%       |
| 2.10. Tíðni eineltis meðal starfsfólks                | 33,3%      | 5/15 | 13,0%      | 338/2610  | 20,3%       |

Liður 2.1 Starfsfólk grunnskólans er yngra en gengur og gerist

Liður 2.7 Aðeins eitt starfsmannaviðtal var á síðasta skólaári. Stefnt er að því að hafa 2-3 á þessu skólaári

Liður 2.10 Tíðni eineltis mælist alltof há meðal starfsfólks. Þegar lagst er yfir þessar tölur kemur í ljós að:

26,7% eða 4 starfsmenn telja sig hafa orðið fyrir einelti af hendi annars starfsmanns á meðan landsmeðaltalið er 8,3%

6,7% eða 1 starfsmaður telur sig hafa orðið fyrir einelti af hendi annars starfsmanns á meðan landsmeðaltalið er 5,8%

**3. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans**

| Matsþættir                           | Niðurstaða | N  | Viðmið | N     | Mismunur |
|--------------------------------------|------------|----|--------|-------|----------|
| 3.1. Starfsánægja í skólanum         | 5,3        | 15 | 5,2    | 2.631 | 0,1      |
| 3.2. Starfsandi innan skólans        | 4,6        | 15 | 5,1    | 2.606 | -0,5     |
| 3.3. Stjórnun skólans                | 5,3        | 15 | 5,0    | 2.587 | 0,3      |
| 3.4. Upplýsingastreymi innan skólans | 4,2        | 15 | 4,9    | 2.620 | -0,7     |
| 3.5. Starfsaðstaða í skólanum        | 4,7        | 15 | 5,1    | 2.599 | -0,4     |



**4. Kennarar - Kennarastarfið**

| Matsþættir   | Niðurstaða | N    | Viðmið   | N         | Mismunur |
|--|------------|------|----------|-----------|----------|
| 4.1. Ánægja með kennarastarfið                             | 5,4        | 10   | 5,3      | 1.598     | 0,1      |
| 4.2. Trú kennara skólans á eigin getu                      | 4,5        | 10   | 4,7      | 1.589     | -0,2     |
| 4.3. Upplýsingamiðlun til foreldra                         | 5,9        | 8    | 5,0      | 1.514     | 0,9      |
| 4.4. Tími í heimavinnu á viku                              | 46,5 mín   | 10   | 46,1 mín | 1.380     | 0,4 mín  |
| 4.5. Undirbúningur kennslu í skólanum                      | 72,7%      | 8/11 | 65,3%    | 1063/1629 | 7,4%     |
| 4.6. Öllum bekknum kennt í einu                            | 54,5%      | 6/11 | 44,7%    | 702/1572  | 9,8%     |
| 4.7. Hópavinna í bekk                                      | 18,2%      | 2/11 | 27,3%    | 423/1549  | -9,1%    |
| 4.8. Einstaklingsvinna í bekk                              | 45,5%      | 5/11 | 32,1%    | 504/1568  | 13,4%    |
| 4.9. Einstaklingsmiðuð kennsla                             | 30,0%      | 3/10 | 48,3%    | 759/1570  | -18,3%   |
| 4.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum                 | 10,0%      | 1/10 | 22,4%    | 346/1545  | -12,4%   |
| 4.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum         | 70,0%      | 7/10 | 72,9%    | 1154/1584 | -2,9%    |
| 4.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað) | -          | 1    | -        | -         | -        |

Liður 4.5 Hér kemur í ljós að kennarar í grunnskólanum eyða meiri tíma í undirbúning í skólanum, en gengur og gerist

Liðir 4.6 – 4.11 Bekkjarkennsla og hefðbundið námsmat eru áberandi í okkar skóla. Við getum bætt okkur í einstaklingsmiðuðu námi, hópstarfi og fjölbreyttara námsmati.

### 5. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

| Matsþættir  | Niðurstaða | N  | Viðmið | N     | Mismunur |
|---|------------|----|--------|-------|----------|
| 5.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika | 5,2        | 8  | 5,0    | 1.447 | 0,2      |
| 5.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. | 6,1        | 9  | 5,2    | 1.443 | 0,9      |
| 5.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara          | 5,1        | 11 | 5,0    | 1.546 | 0,1      |
| 5.4. Samráð um kennslu                                    | 3,3        | 8  | 5,0    | 1.538 | -1,7     |
| 5.5. Samvinna um kennslu                                  | 5,7        | 9  | 5,1    | 1.487 | 0,6      |
| 5.6. Valddreifing við ákvarðanatöku                       | 5,9        | 10 | 4,9    | 1.403 | 1,0      |
| 5.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur               | 4,4        | 10 | 4,8    | 1.496 | -0,4     |
| 5.8. Vinnuaðstaður kennara                                | 4,7        | 9  | 5,2    | 1.544 | -0,5     |

Liður 5.4 Hér tel ég að við höfum nú þegar bætt okkur. Með nýju vinnumati kennara skapaðist möguleiki á nánara samstarfi og vinna kennarar nú meira í teyrum. Þeir hafa líst ánægju sinni með það.



## 6. Kennarar - Mat og endurgjöf

| Matsþættir   | Niðurstaða | N    | Viðmið | N        | Mismunur |
|--|------------|------|--------|----------|----------|
| 6.1. Umfang mats og endurgjafar                                | 40,0%      | 4/10 | 62,4%  | 924/1481 | -22,4%   |
| 6.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara | 37,5%      | 3/8  | 48,1%  | 695/1445 | -10,6%   |
| 6.3. Sanngirni mats og endurgjafar                             | 100,0%     | 5    | 90,9%  | 864/951  | 9,1%     |
| 6.4. Gagnsemi mats og endurgjafar                              | 100,0%     | 4    | 89,0%  | 767/862  | 11,0%    |
| 6.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats                          | 1,8        | 6    | 4,8    | 937      | -3,0     |

Liðir 6.1 – 6.5 Hér má bæta við. Stjórnendur þurfa að hitta kennara oftar og gefa þeim endurgjöf á sitt starf. Stefnt er að því að skólastjóri heimsæki kennara oftar í kennslustundir og gefi þeim góð ráð. Gaman er þó að sjá að kennarar telja það endurmat sem þeir fá gagnlegt og sanngjarnt en þó virðast þeir ekki nýta sér það nægilega í sinni kennslu.





**7. Kennarar - Símenntun kennara**

| Matsþættir   | Niðurstaða | N   | Viðmið     | N        | Mismunur   |
|--|------------|-----|------------|----------|------------|
| 7.1. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár                        | 6,9 dagar  | 8   | 11,8 dagar | 1.149    | -4,9 dagar |
| 7.2. Símenntunarþörf kennara   | 5,3        | 10  | 5,4        | 1.547    | -0,1       |
| 7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)                                   | -          | 0   | -          | -        | -          |
| 7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. | 77,8%      | 7,9 | 62,7%      | 963/1536 | 15,1%      |
| 7.5. Hindranir í símenntun kennara                                     | -          | -   | -          | -        | -          |
| 7.6. Form símenntunar sem óskað er eftir                               | -          | 9   | -          | -        | -          |

Liður 7.1 Nú er unnið samkvæmt nýrri símenntunaráætlun auk þess sem símenntunardögum á skóladagatali hefur verið fjölgað.

Liður 7.4 Ljóst er að kennarar vilja meiri símenntun og ætlum við að bregðast við því.

**Opnar spurningar til starfsmanna. Alls tóku 15 starfsmenn þátt, eða 83%.**

**Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann – 6 starfsmenn svöruðu þessari spurningu:**

**Nemendur****Starfsmenn**

- 1 Skólastjórnunin góð
- 2 Gott, skemmtilegt og hæft starfsfólk að mestum hluta
- 2 Flestir tilbúnir að taka þátt og hjálpast að, bera hag nemenda fyrir brjósti

**Samtals 5**

**Námið**

- 1 Samvinna kennara með kennslufræðilega hluti

**Samtals 1**

**Skólinn**

- 2 Starfsandi góður
- 1 Aðstaða í mínum greinum góð
- 1 Smæðin gerir okkur gott
- 1 Samband milli skóla og heimila mjög gott
- 1 Upplýsingagjöf til foreldra til fyrirmyndar

1 Góður og notalegur vinnustaður

**Samtals 7**

**Annað**

1 Stórkostlegt umhverfi

1 Samstarf milli skóla og Neista mjög gott

**Samtals 2**

*Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst slæmt eða megi betur fara í skólanum –  
5 starfsmenn svöruðu þessari spurningu:*

**Nemendur**

**Starfsmenn**

2 Skólastjóri er of upptekinn við stjórnun þriggja skóla

1 Starfsanda hefur hrakað eftir sameiningu, aðrir reyna að taka völdin þegar hann er ekki í húsinu

1 Starfsmenn þurfa að skilja persónuleg vandamál eftir heima

1 Starfsmenn hafa mismikið vægi þegar kemur að ákvarðanatöku

1 Oft eru mál rædd á starfsmannafundum sem eiga ekki við allan hópinn

1 Oft tekst starfsfólki ekki að finna lausn á jákvæðan hátt – oft fremur sett fram sem reglur sem banna eitthvað

1 Starfsmenn verða að vera duglegri að líta í eigin barm

**Samtals 8**

**Skólinn**

2 Aðstaða í „minni“ grein mjög slæm

1 Tækjabúnaður er enginn

1 Aðstaða fyrir nemendur fyrir utan skólastofu, bæði inni og úti er mjög slæmt

2 Húsnæði skólans er ófullnægjandi

1 Taka þarf upp umræðuna um tölvur fyrir kennara

**Samtals 7**

**Námið**

**Annað**

## **Leikskólinn**

### **1. Innleiðing nýrrar skólanámskrár**

Vinnan við hana stendur yfir og er stefnt að því að hún verði tilbúin vorið 2016.

### **2. Læsisstefna leikskólans**

Unnið er að nýrri Læsisstefnu í Bjarkatúni. Stefnt er að því að hún verði tilbúin í febrúar 2016.

### **3. Úrbótalisti**

Unnið var með spurningalista frá 2013 – 2014 og þeir þættir kláraðir sem út af stóðu. Skólaárið 2015 – 2016 verður lagður fyrir Skólapúls fyrir foreldra leikskólans og starfsfólk leikskólans. Niðurstöður þeirra kannana verða kynntar í næstu sjálfsmatsskýrslu.

## **Tónskólinn**

Formlegu sjálfsmati er ekki sinnt í tónskólanum.

**Lokaorð**

Skólapúlsinn er nýtt og mjög gott mælitæki fyrir Djúpavogsskóla. En eins og með allar mælingar mun fyrirlögn hans ein og sér ekki skila neinu, heldur er mjög mikilvægt að taka allar ábendingarnar sem fram hafa komið og vinna markvisst að því að laga það sem hægt er. Ljóst er að nú þegar hefur ýmislegt verið gert af því sem fram kom en við munum halda áfram að bæta okkur eins og við mögulega getum. Settur hefur verið samantals úrbótalisti úr þeim þáttum sem komu ekki nægilega vel út, *fskj. 3*, en einnig mun starfsfólk skólans fara yfir

Vorið 2016 verða sambærilegar kannanir lagðar fyrir foreldra og starfsfólk leikskólans og þá verður farið í sömu úrbótavinnu þar.

Djúpivogur, 5. febrúar 2016

---

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

**Fylgiskjöl:**

|              |  |
|--------------|--|
| Fylgiskjal 1 | Þriggja ára áætlun 2015-2016               |
| Fylgiskjal 2 | Úrbótalisti, vor 2015                      |
| Fylgiskjal 3 | Úrbótalisti Skólapúls 2015                 |
| Fylgiskjal 4 | Rafræn könnun sem verður send til foreldra |
| Fylgiskjal 5 | Bréf sem verður sent til foreldra          |
| Fylgiskjal 6 | Vinnumatið A-hluti                         |

**Heimildaskrá**

*Sjálfsmat skóla.* Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. 1997. Menntamála-  
ráðuneytið

## **Sjálfsmatsáætlun 2015 – 2018**

### **2015-2016**

Unnið að skólanámskrá Djúpavogsskóla, útfrá aðalnámskrá

Vinnuhópur fer yfir úrbótalista frá vori 2015.

Vinnuhópur fer yfir niðurstöður úr Skólapúlsi 2014-2015, nemendalista, starfsmannalista og foreldralista.

Skólapúls lagður fyrir nemendur í grunnskóla

Skólapúls lagður fyrir starfsmenn og foreldra í leikskóla

Unnið verður að nýrri læsisstefnu fyrir Djúpavogsskóla

Unnið verður að nýrri stærðfræðistefnu fyrir Djúpavogsskóla

Skólað verður hvort Djúpavogsskóli innleiðir „Uppeldi til ábyrgðar“

### **2016-2017**

Skólapúls í grunn- og leikskóla

Innleiðing nýrrar uppeldisstefnu í Djúpavogsskóla

Læsis- og stærðfræðistefnur

Orð af orði

Byrjendalæsi

Sótt um Grænfánann að nýju

### **2017-2018**

Skólapúls í grunn- og leikskóla

Læsis- og stærðfræðistefnur

Orð af orði

Byrjendalæsi

Unnið í Grænfánaverkefni

## Úrbótalisti – samantekt vor 2015

| <b>Verkefni</b>   | <b>Framkvæmdaaðili</b>   | <b>Staða</b>     | <b>Áætluð verklok</b> |
|---|--|------------------|-----------------------|
| Tröppurnar við ÍMD  | Forstöðumaður ÍMD  | Bréf í júní 2008 | Ólokið                |
| Þakið á ÍMD   | Forstöðumaður ÍMD  | Bréf í júní 2008 | Ólokið                |
| Körfuboltavöll eða staka körfu  | Kennararáð   |                  | Ólokið                |
| Móta þarf heildstæða stefnu sem snýr að nýtingu þeirra mannvirkja sem fyrir eru og ákveða skipulag skólalóðar í samvinnu við nálægar stofnanir.   | Sveitarstjórn í samvinnu við starfsfólk skóla, skólastjór og foreldrafélag | Engin stefna til | Óákveðið              |
| Betra aðgengi fyrir fatlaða í skólanum  | Skólastjóri og sveitarstjórn   |                  | Óákveðið              |
| Auka samskipti við nágrannaskóla<br>Bréfaskipti milli yngstu nemendanna<br>Heimsóknir (dagsheimsóknir) á miðstigi<br>Skiptinemar á elsta stigi (vikuheimsóknir)<br>Skipti á verkefnum – t.d. tengt grenndarnámi | Starfshópur  |                  | 2015                  |
| Stækka þarf smíðastofu  | Sveitarstjórn  |                  | Óljóst                |
| Stækka og afmarka skólalóð  | Skólastjóri/skipul- og byggingarn  |                  | Óljóst                |

## Úrbótalisti – samantekt úr Skólapúlsinum, vor 2015

| <b>Verkefni</b>                                   | <b>Framkvæmdaaðili</b>                                      | <b>Staða</b> | <b>Framkvæmd / Áætluð verklok</b>   |
|---|---|--------------|---|
| Einelti meðal nemenda                             | Starfsfólk skólans  | Í vinnslu    | Málin rædd við nemendur, farið í markvissa vinnu.<br>Endurmetið í Skólapúlsi, vor 2016  |
| Staðir eineltis                                   | Starfsfólks skólans,<br>Neista og ÍPMD                      | „Lokið“      | Mikil vinna lögð í að bæta gæslu,<br>fara yfir verklagsreglur o.fl.<br>Endurmetið Skólapúlsi, vor 2016  |
| Hreyfing stúlkna utan íþróttakennslu              | Kennarar, foreldrar,<br>Neisti                              | Í vinnslu    | Sent var bréf til foreldra. Búið er að ráða kvenkyns íþróttakennara –<br>Endurmetið í Skólapúlsi, vor 2016  |
| Skólanámskrá                                      | Stjórnendur og kennarar                                     | Í vinnslu    | Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir Djúpavogsskóla. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki vorið 2016.   |
| Gagnvirk tafla                                    | Skólastjóri   | Í vinnslu    | Skólastjóri þarf að ræða á starfsmannafundi þörfina fyrir slíka töflu   |
| Skjávarpar  | Skólastjóri   | Í vinnslu    | Tveir nýir skjávarpar verða keyptir á vorönn 2016.  |
| Starfsmannaviðtöl                                 | Skólastjóri   | Í vinnslu    | Starfsmannaviðtöl verða 2-3 á þessu skólaári  |
| Einelti meðal starfsfólks af hendi samstarfsfólks | Starfsfólk (stjórnendur og trúnaðarmaður)                   | Í vinnslu    | Unnið er að því að auka opin samskipti, ræða oftari við starfsfólk sem telur sig verða fyrir einelti.   |
| Einelti meðal starfsfólks af hendi nemenda        | Starfsfólk (stjórnendur, umsjónarkennarar og trúnaðarmaður) | Í vinnslu    | Rætt er við nemendur og starfsfólk.   |
| Fjölbreyttari kennsluaðferðir                     | Kennarar og stjórnendur                                     | Í vinnslu    | Unnið að þessu samhliða gerð nýrrar skólanámskrár   |
| Fjölbreyttari námsmatsaðferðir                    | Kennarar og stjórnendur                                     | Í vinnslu    | Unnið að þessu samhliða gerð nýrrar skólanámskrár   |
| Samráð í kennslu                                  | Kennarar og stjórnendur                                     | Í vinnslu    | Nú þegar komið til framkvæmdar  |
| Mat og endurgjöf til kennara                      | Stjórnendur   | Í vinnslu    | Áætlun um skipulag heimsóknna inn í kennslustundir er til. Stjórnendur þurfa að gefa sér tíma til að fara eftir henni og hvetja kennara til að nýta sér endurgjöfina betur. |
| Símenntun   | Stjórnendur   | „Lokið“      | Símenntunaráætlun 2015-2016 er tilbúin og unnið er skv. henni. Símenntunardögum hefur verið fjölgað á skóladagatali.  |

## Rafrænn spurningalisti

Sælir foreldrar / forráðamenn

Nú stendur yfir vinna við að fara yfir Skólapúlsinn frá síðasta skólaári. Nokkur atriði eru óljós og langar mig að biðja ykkur um að svara meðfylgjandi könnun þannig að hægt verði að laga þá þætti sem betur mega fara, skv. ykkar óskum.

1. Vinsamlegast bendið á hvaða þættir það eru sem ykkur finnast að betur megi fara í **stjórnun skólans.**
2. Beinist aðallega til foreldra stúlkna, en öllum er velkomið að svara. Vinsamlegast bendið á hvaða þættir það eru sem valda því að ykkur finnst **skólinn ekki koma til móts við þarfir ykkar stúlkna** (barna).
3. Beinist aðallega að foreldrum drengja, en öllum er velkomið að svara. Vinsamlegast bendið á hvaða þættir það eru sem valda því að **þið eruð ekki ánægð með sérkennslu ykkar drengja** (barna).
4. Beinist til þeirra foreldra sem nýta ekki skólamötuneytið. Vinsamlegast greinið frá ástæðum þess að börnin ykkar **nýta ekki skólamötuneytið**
5. Vinsamlegast bendið á hvaða þættir það eru sem ykkur finnast að betur megi fara **á heimasíðu skólans.**



## Bréf til foreldra

Sælir foreldrar / forráðamenn

Nú stendur yfir vinna við að fara yfir Skólapúlsinn frá síðasta skólaári. Tvö atriði mælast þannig að ykkar þátttaka mætti vera meiri og langar mig, með þessum pósti að benda á þá:

1. Foreldrar drengja er mun líklegri en foreldrar stúlkna til að setjast niður og gera **námsáætlanir**. Foreldrar drengja eru 1 prósentustigi yfir landsmeðaltali, á meðan foreldrar stúlkna eru 15,6 prósentustigum undir. Séu árgangarnir skoðaðir kemur í ljós að foreldra barna í 1.-4. bekk eru 7,3 prósentustigum undir meðaltali, foreldrar barna í 5.-7. bekk eru 3,9 prósentustigum undir meðaltali og foreldrar barna í 2,4 prósentustigum undir meðaltali.

Niðurstaðan er því sú að það eru helst foreldrar stúlkna á yngsta stigi og miðstigi geta bætt sig í þessum þætti.

2. Stúlkur í 6.-10. bekk Djúpavogsskóla hreyfa sig mun minna en jafnöldur þeirra á landsvísu. Meðaltal drengja á landsvísu er 73,5% en í Djúpavogsskóla 83,3%. Meðaltal stúlkna á landsvísu er 67,7% en í Djúpavogsskóla aðeins 50%. Hvet ég því sérstaklega mæður stúlkna í 6.-10. bekk að hvetja dætur sínar til að hreyfa sig. Það er margsannað að foreldri af sama kyni hefur úrslitaáhrif á íþrótt- og tómsundaiðkun sinna barna.

## Grunnþættir í vinnumati

### Undirbúningur kennslu

- 1 Ef þú ert alltaf minna en 20 mínútur að undirbúa, engin vandamál, allt klárt
- 3 Að kynna sér námsefni, að finna gögn, að búa til verkefni og próf, ákveða námsmat, raða upp í stofum eftir viðfangsefnum og frágangur eftir kennslustund. Undirbúningur fyrir hverja kennslustund sé 20-25 mínútur
- 5 Undirbúningur nýrrar kennslugreinar, og undirbúningur nýs fags sem viðkomandi hefur aldrei kennt áður, undirbúningur vegna sérþarfa nemenda, einstaklingsmiðun, námsþróunarverkefni s.s. byrjendalæsi, annað sem fellur ekki undir hefðbundinn undirbúningur fyrir kennslustund. Einnig þegar aðstæður kennara bjóða ekki uppá undirbúningur í skóla, þ.e. ef kennarar þurfa að fara annað með verkefnin. Allur undirbúningur á fyrsta ári í kennslu

### Úrvinnsla kennslu

- 1 Minniháttar úrvinnsla
- 3 Kynna verkefni. Fara yfir próf og verkefni og ritgerðir. Sýningar innan skólans (hengja upp myndir, lítill leikþáttur o.þ.h.). Símat.
- 5 Fyrirhafnarmeiri sýningar og sýningar utan skólans og þegar kennsla er gerð sýnileg t.d. á veraldarvef, heimasíðu, Bóndavörðu, fréttabréfum o.s.frv.

### Nýbreytni og þróun

- 1 Tekur lítinn þátt
- 3 Tekur þátt í nýbreytni og þróun og vinnur með það inni í bekk
- 5 Innleiðing á nýjungum. Kynnir sér nýbreytni og þróun og tileinkar sér í kennslu.

### Nemendahópar

- 1 Fáir nemendur (færri en 10). Einn árgangur, þægilegt foreldrasamstarf. Eitt eða ekkert frávik og enginn stuðningsfulltrúi
- 3 Meðalhópur þar sem ekki eru mikil frávik, engin hegðunarvandamál gott foreldrasamstarf. Taka þarf tillit til fjölda (hámark 15 í bekk) – ekki list- og verkgreinar þar er hámark 8 (mínus íþróttir). Hámark 2 árgangar í bekk (hámark 3 nemendur í frávik) – bæði slaka og góða nemendur. Ekkert erlent barn sem kann enga íslensku. Samstarf við einn stuðningsfulltrúa.
- 5 Fleiri en þrjú frávik í bekk, barn / börn sem eru nýkomin til landsins og tala enga íslensku. Fleiri en 15 börn í bekk og fleiri en 8 í verkgreinum. Flókið foreldrasamstarf og samstarf við tvo eða fleiri stuðningsfulltrúa

**Samstarf**

- 1 Lítil sem engin samskipti, t.d. ef kennari kennir stakt fag í einum / fáum bekkjum
- 3 Eðlilegt samtal um nemendur innbyrðis
- 5 Stærri samstarfsverkefni t.d. milli list- og verkgreinakennara og / eða umsjónarkennara. Byrjendalæsi, samþætting milli bekkja. Samstarf vegna erfiðleika hjá nemendum. Fagfundahópar

**Foreldrasamstarf**

- 1 Þeir sem eru ekki umsjónarkennarar
- 3 Foreldraviðtöl tvisvar sinnum á áru. Umsjónarkennarar, gestavika, reglulegir tölvupóstar (t.d. föstudagspóstur)
- 5 Aukafundir með foreldrum. Erfiðir nemendur / erfiðir foreldrar. Læsisstefnan, fylgja eftir heimalestri. Samskiptabækur, óvænt foreldraviðtöl

**Skráningar**

- 1 Fáar og óreglulegar skráningar t.d. bara punktar og heimanám
- 3 Mætingar og forföll (umsjónarkennari á Mentor). Skrá punkta í Mentor, slysaskráningar og vandamál. Skráningar á námslegum þáttum s.s. lestri, stærðfræði o.fl. – ekki í Mentor, atferlisskráningar – ekki í Mentor. Listar til sérfræðinga 1-2 á ári. Vorskil, námsáætlanir, heimanám
- 5 Síendurtekin vandamál, samskiptabækur fyrir foreldra. Regluleg skráning á líðan, hegðun o.fl. Fleiri en tveir listar til sérfræðinga á ári

**Umsjón kennslurýmis**

- 1 Engin umsjón
- 3 Umsjón með bekkjarstofu. Taka þarf tillit til bekkjarstærðar og aldurs
- 5 Sérgreinastofur, heimilisfræði, handavinna, smíðastofa, myndmenntastofa, tölvustofa. Taka þarf tillit til hlaupa á milli stofa og samnýtingu stofa.

**Annað**

- 1 Ekkert fyrirsjáanlegt
- 3 Heimsóknir, nýr nemandi
- 5 Áfall